
Grunnskóli Önundarfjarðar

Ársskýrsla skólaárið 2025-2026



Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir

18. júní 2026

Efnisyfirlit

Formáli og kynning á skólanum	3
Skýrsla um skólahald	4
Nemendur og starfsmenn	8
Kennsla og skipulag bekkjardeilda	9
Samstarf við heimili og nærsamfélag	10
Starfsmarkmið skólaársins 2025-2026	13
Áherslur og umbótaverkefni skólaárið 2026-2027	15
Stefnur og áætlanir	16
Innra mat og skólaþróun	17
Starfsmenn og skipulag	18
Forföll starfsfólks og nemenda	19
Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag	19
Samstarf leik- og grunnskóla	19
Fjárhagsáætlun	20
Aðkeypt þjónusta	20
Rekstur og framkvæmdir	20
Lokaorð	21

Formáli og kynning á skólanum

Skólaárið 2025-2026 var fjölbreytt og viðburðaríkt í Grunnskóla Önundarfjarðar. Á árinu var lögð áhersla á vellíðan nemenda, læsi, skapandi nám, útikennslu og fjölbreytta kennsluhætti. Samstarf heimila og skóla var áfram öflugt og foreldrar lýstu yfir ánægju með skólastarfið og þann stuðning sem börnum þeirra stendur til boða.

Á skólaárinu lauk tveggja ára samstarfsverkefni fámennu skólanna í Ísafjarðarbæ sem unnið var undir leiðsögn Ásgarðs skólapjónustu. Verkefnið hefur styrkt faglegt starf kennara, aukið fjölbreytni náms og skapað nemendum tækifæri til að kynnast og vinna með jafnöldrum sínum úr öðrum skólum. Þrátt fyrir að verkefninu sé formlega lokið mun samstarfið halda áfram enda hefur það reynst bæði nemendum og starfsfólki afar vel.

Ein af ánægjulegustu nýjungum skólaársins var bambahúsið sem hefur skapað ný tækifæri til ræktunar, útikennslu og sjálfbærnimenntunar og er þegar orðið mikilvægur þáttur í skólastarfinu.

Grunnskóli Önundarfjarðar er fámennur grunnskóli á Flateyri þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám, nán samskipti og öflugt skólasamfélag. Skólinn nýtur góðrar aðstöðu til náms, hreyfingar og útivistar og er nærumhverfið markvisst nýtt sem hluti af kennslu og skólastarfi. Markmið skólans er að skapa jákvætt og öruggt námsumhverfi þar sem hver nemandi fær tækifæri til að vaxa og dafna í námi og félagslegum þroska.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir helstu þáttum skólastarfsins á skólaárinu 2025-2026, árangri og þróunarverkefnum, auk þess sem fjallað er um innra mat, starfsmannahald og áherslum á komandi skólaári.

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir, skólastjóri.

Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2025-2026 var fjölbreytt og viðburðaríkt í Grunnskóla Önundarfjarðar. Starfið byggðist áfram á áherslum skólans um einstaklingsmiðað nám, læsi, vellíðan, útikennslu, sjálfbærni og fjölbreytta kennsluhætti. Fámennur nemendahópur skapar góðar aðstæður til að mæta þörfum hvers og eins og stuðlar að nánu samstarfi nemenda, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags. Nærumhverfi skólans var nýtt markvisst í kennslu allt árið og árstíðirnar höfðu mikil áhrif á viðfangsefni og kennsluhætti.

Skólaárið hófst við óvenjulegar aðstæður þar sem framkvæmdir við þak skólans stóðu yfir fyrstu vikurnar. Kennsla fór að hluta til fram í íþróttahúsinu, á efri hæð leikskólans og í nærumhverfinu þar til framkvæmdum lauk. Þrátt fyrir þetta gekk skólastarfið afar vel og sýndu nemendur, foreldrar og starfsfólk mikinn skilning og sveigjanleika.



Útikennsla var stór þáttur í skólastarfinu allt árið. Nemendur fóru meðal annars í berjamó, skógarferðir, fjöruferðir og tóku þátt í fjölbreyttum náttúruverkefnum. Árleg skógarferð þar sem sótt er jólatré fyrir skólann er orðin fastur liður í skólastarfinu og gefur nemendum tækifæri til að njóta útivistar og taka þátt í undirbúningi jólnanna. Í október gafst einnig einstakt tækifæri til að skoða andanefju sem rak á

land við Kálfeyri í Önundarfirði. Nemendur gengu að hvalnum, fræddust um líffræði hans sem og sögu staðarins.



Hrekkjavakan er orðin fastur liður í skólastarfinu og eitt stærsta þemaverkefni haustsins. Verkefnið er samþætt fjölmörgum námsgreinum þar sem nemendur vinna meðal annars að handritagerð, skrifa hryllingssögur, búa til eigin búninga og skraut sem og að undirbúa sameiginlega dagskrá. Verkefnið reynir á sköpun, samvinnu og frumkvæði og er þetta skemmtileg hefð sem við höfum skapað í skólastarfinu.



Samstarf fámennu grunnskólanna í Ísafjarðarbæ hélt áfram af krafti á skólaárinu. Fyrsta þemaverkefni ársins var um fugla en það hófst með sameiginlegri fuglagöngu á Flateyri þar sem nemendur frá Flateyri, Suðureyri og Þingeyri skoðuðu bæði fuglalíf og fuglaverk listakonunnar Jean Larson. Hver nemandi valdi sér fugl til að rannsaka og vann hugarkort, aflaði upplýsinga um fuglinn, merkti farleiðir hans

á landakort og útbjó kynningu í Canva. Christian Gallo frá Náttúrufræðistofu Vestfjarða heimsótti skólann, fræddi nemendur um fugla og fuglalíf og gaf þeim kost á að skoða fugla í kíki. Nemendur bjuggu einnig til sína eigin fugla sem voru sýndir ásamt kynningum þeirra í lok verkefnisins.



Á aðventunni tóku nemendur þátt í öðru samstarfsverkefni fámennu skólanna þar sem unnið var með jólahefðir. Yngri nemendur sömdu ljóð, lærðu Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum og unnu með íslenskar jólahefðir en eldri nemendur kynntu sér jólahald í ýmsum löndum. Verkefninu lauk með sameiginlegri sýningu í Safnahúsinu á Ísafirði þar sem afrakstur nemenda var kynntur. Aðventan einkenndist jafnframt af fjölbreyttum verkefnum og hefðum innan skólans. Nemendur bökuðu m.a. piparkökuhús, skrifuðu jólakort með kveðju frá GÖ sem þau færðu íbúum og buðu leikskólanum Grænagarði í sameiginlegan Tarzan-leik í íþróttahúsinu. Litlu jólin voru haldin sameiginlega með leikskólanum 19. desember og eftir hátíðlegan jólamat á Gunnukaffi voru nemendur komnir í jólafrí.

Allir morgnar hófust á yndislestri og unnið var markvisst með lesfimi, lesskilning, orðaforða, ritun og tjáningu. Nemendur tóku þátt í Svakalegu lestrarkeppninni, sem er lestrarátak á landsvísi fyrir grunnskóla og hefur reynst góður stuðningur við læsisstarf skólans.

Í nóvember fengum við heimsókn frá rithöfundunum Helen Hafgný Cova og Heklu Rós sem kynntu bækur sínar og sögðu frá því hvernig hugmynd verður að bók. Að kynningu lokinni fengu nemendur að hanna og skrifa sína eigin Snúllabók undir leiðsögn Helenar.



Veturinn gaf mörg tækifæri til útivistar eins og t.d. gönguskíðaiðkunnar og þegar aðstæður leyfðu var skautasvellið við skólann nýtt reglulega í frímínútum, íþróttum og útikennslu. Skólinn á í góðu samstarfi við Skautafélag Önundarfjarðar sem styður við skautastarf nemenda og eykur fjölbreytni í hreyfingu

og útivist yfir vetrarmánuðina. Í apríl náðum við að fara til Ísafjarðar á skíði en það var í síðasta lagi þar sem að snjórinn var eiginlega alveg farin og frekar erfitt að skíða. Þrátt fyrir það áttum við frábæran dag.

Á vorönn voru unnin tvö stór samþætt þemaverkefni. Í stærðfræðipemanu, herbergið mitt, unnu nemendur með mælingar, hlutföll og rúmfræði. Þeir mældu eigið svefnherbergi, bjuggu það til í hlutföllunum 1:20 sem og húsgögn sem pössuðu inn í líkanið. Verkefnið samþætti stærðfræði, hönnun, list- og verkgreinar og skapandi hugsun.

Hafverkefnið var fjórða og síðasta samstarfsverkefni fámennu skólanna og tengdi nám nemenda við lífríki hafsins og heimabyggðina. Nemendur í 4.- 7. bekk kynntust lífríki hafsins, flokkuðu fiska og önnur sjávardýr eftir búsvæðum og unnu fjölbreytt verkefni tengd líffræði og vistfræði hafsins. Nemendur á 1.- 2. bekk unnu hugarkort um hafið sem þeir bættu stöðugt við



eftir því sem verkefninu vatt fram og þekking þeirra jókst. Að lokum unnu allir nemendur skólans að gerð fiskabúrs þar sem íslenskir fiskar voru flokkaðir eftir búsvæðum. Sem hluti af verkefninu heimsóttu nemendur harðfisksverkun á Flateyri þar sem verið var að verka harðfisk úr steinbít. Þeir tóku þátt í að flaka fiskinn,



pækla hann og hengja upp á rár til þurrkunar og að lokum að valsa hann. Vegna mikils áhuga nemenda voru hausarnir soðnir úti á báli og skoðaðir. Tennur steinbítsins vöktu mikla athygli og bjuggu nemendur m.a. til hálsmen úr stærstu tönnunum.



Á vorönn var bambahúsið, sem fjárfest var í á skólaárinu, tekið formlega í notkun. Ræktunarverkefnið hófst þó strax um haustið þegar hvítlaukur var gróðursettur og fylgst með vexti hans yfir veturinn. Nemendur tóku þátt í sáningu, forræktun og umhirðu nytjaplantna, kryddjurta og blóma og skipulögðu ræktun fyrir sumarið.

Í list- og verkgreinum var unnið undir þemanu neysla, nýting og nýsköpun þar sem nemendur kynntust meðal annars ullarvinnslu, spuna, jurtalitun, textílvinnu og endurnýtingu efna. Verkefnin tengdu saman handverk, sjálfbærni, náttúrufræði og íslenska menningararfleifið.

Skákkennsla var fastur liður í stundaskrá allra nemenda. Haldið var óformlegt skákmót innan skólans og einn nemandi tók þátt í Skákmóti grunnskólanna þar sem hann stóð sig afar vel. Stefnt er að því að fjölga þátttakendum á mótinu á næsta skólaári.

Árshátíð skólans fór fram í lok mars og var einn af hápunktum skólaársins. Nemendur á báðum stigum unnu eigin stuttmyndir þar sem þeir báru sjálfir ábyrgð á allri vinnslu, allt frá hugmyndavinnu og handritagerð til kvikmyndatöku og klippingar. Verkefnið efldi sköpun, samvinnu og stafræna hæfni.

Á vorönn tóku nemendur þátt í fjölbreyttum vettvangsheimsóknum og fræðsluverkefnum. Í mars heimsóttu þeir varðskipið Þór, þar sem þeir fengu fræðslu um hlutverk Landhelgisgæslunnar og fjölbreytt verkefni áhafnarinnar. Á skólaárinu var einnig haldin brunaæfing í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar. Nemendur fengu jafnframt fyrirlestur frá Sigurði Eyjólfí Sigurjónssyni, „Ég er ekki fullkominn – ég stjórna, ekki kvíðinn!“, þar sem fjallað



var um geðheilsu, kvíða og leiðir til að takast á við áskoranir. Í maí komu Helga og Sólveig með leiksýninguna Krakkarnir í hverfinu á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Nemendur tóku vel í sýninguna og urðu góðar umræður í kjölfarið. Foreldrar fengu foreldrabréf í tengslum við sýninguna. Nemendur tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni Púkanum. Yngsta stig heimsótti Suðureyri og tók þátt í verkefninu *Álfar og Irmjar* en miðstig tók þátt í Sólmyrkvaleikunum á Ísafirði. Þar hlýddu nemendur á fræðslu um almyrkva á sólu og tóku þátt í skapandi vinnustofum. Verk þeirra voru síðar sýnd á sameiginlegri sýningu. Nemendur tóku stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði (Matsferill) en niðurstöðurnar verða nýttar til að fylgjast með námsframvindu og skipuleggja áframhaldandi kennslu.



Vorið var jafnframt ríkt af útinámi og vettvangsferðum. Nemendur fóru m.a. í veiðiferð þar sem aflinn var síðan matreiddur í skólanum, heimsóttu æðarvarpið í Hjarðardal og Kirkjubóli í Valþjófsdal og kynntust sveitalífi og búskap og fóru í hjólaferð út í skóg. Í maí tóku

nemendur þátt í Fjölbreytileikunum á Þingeyri ásamt nemendum frá Súðavík, Suðureyri og Þingeyri þar sem lögð var áhersla á samvinnu, hreyfingu og gleði. Dagurinn endaði með sameiginlegri pizzaveislu í boði Arctic Fish. Skólaárinu lauk síðan með óvissuferð þar sem nemendur grunnskólans og elstu börn leikskólans heimsótti suðurfirðina og fóru meðal annars í sund, út að borða á Vegamótum og heimsóttu Skrímslasafnið.

Skólaárið einkenndist af öflugum samstarfi við heimili, fyrirtæki og nærsamfélagið. Foreldrar tóku virkan þátt í skólastarfinu með ýmsum hætti og studdu við verkefni skólans þegar á þurfti að halda. Velunnarar skólans lögðu einnig sitt af mörkum, meðal annars með því að sauma áklæði utan



um nýja svampkubba sem skólinn keypti. Nemendum var jafnframt boðið á Bryggjukaffi bæði fyrir jól og að vori þar sem boðið var upp á vöflur og heitt kakó. Slíkar heimsóknir eru góð dæmi um þann stuðning og hlýhug sem skólinn nýtur í nærumhverfinu.

Áhersla var lögð á jákvæð samskipti, félagsfærni og virka þátttöku nemenda í skólastarfinu. Reglulegir bekkjarfundir og samtöl voru nýtt til að ræða líðan, samskipti og skipulag skólastarfsins og fengu nemendur tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á daglegt skólastarf. Unnið var markvisst með gildi á borð við jákvæðni og hjálpssemi í umræðum, ritunarverkefnum og samvinnu. Í list- og verkgreinum unnu nemendur sjálfsmyndir sem mynduðu sjálfsmyndavegg í skólanum ásamt hrósi og jákvæðum lýsingum á hverjum nemanda. Veðurbliðan var jafnframt vel nýtt til útikennslu þar sem m.a. var unnið með mælingar, stafavinnu og snúbrauðsbakstur á báli. Fjölbreytt verkefni, útikennsla, samstarfsverkefni og skapandi vinnubrögð settu svip á skólastarfið og stuðluðu að góðri líðan og virkri þátttöku nemenda.

Nemendur og starfsmenn

Við upphaf skólaársins 2025-2026 voru 10 nemendur skráðir í Grunnskóla Önundarfjarðar. Nemendur skiptust á sex árganga; þrír voru í 1. bekk, einn í 2. bekk, þrír í 4. bekk, einn í 5. bekk, einn í 6. bekk og einn í 7. bekk. Í febrúar hóf nýr nemandi nám í 1. bekk og voru nemendur því orðnir ellefu við lok skólaársins.

Kennsla fór fram í tveimur námshópum. Á yngsta stigi voru nemendur í 1. og 2. bekk saman í hópi en nemendur í 4.–7. bekk mynduðu miðstigshóp. Nemendur voru jafnframt saman í ýmsum námsgreinum og verkefnum, meðal annars í íþróttum, sundi, útikennslu og þemaverkefnum. Fámennur nemendahópur skapar góðar aðstæður til einstaklingsmiðaðs náms, sveigjanlegra kennsluhátta og náinna samskipta milli nemenda og starfsfólks.

Tveir kennarar voru í fullu starfi og einn leiðbeinandi í 35% starfi. Skólaliði var í 62% starfi og skólastjóri sinnti jafnframt kennslu samhliða stjórnunarstörfum. Starfsmannahópurinn var stöðugur og einkenndist af góðu samstarfi, sveigjanleika og sameiginlegri ábyrgð á skólastarfinu.

Á vorönn fór einn kennari í fæðingarorlof og tók Hugrún Britta við hluta kennslunnar. Breytingin gekk vel og tókst að viðhalda stöðugleika í skólastarfinu og tryggja samfellu í kennslu nemenda. Á skólaárinu hóf náms- og starfsráðgjafi jafnframt störf við skólann og fengu nemendur, sem nýttu sér þjónustuna, einstaklingsviðtöl og ráðgjöf eftir þörfum.

Fámennur skóli krefst mikils sveigjanleika og góðs samstarfs starfsfólks. Kennarar og annað starfsfólk unnu náið saman að skipulagningu náms og skólastarfs. Það hefur verið einn af styrkleikum skólans og stuðlað að jákvæðu og styðjandi námsumhverfi þar sem hver nemandi fær tækifæri til að njóta sín.

Kennsla og skipulag bekkjardeilda

Yngsta stig

Á yngsta stigi var lögð áhersla á lestur, ritun, orðaforða og tjáningu. Allir morgnar hófust á yndislestri og unnið var markvisst að því að efla lestrarfærni og lestrargleði. Orðaforði var eflur með fjölbreyttum verkefnum og sýnilegri orðavinnu í kennslustofunni. Í stærðfræði var lögð áhersla á talnaskilning, mælingar, lausnaleit og stærðfræðilega hugsun með fjölbreyttum verkefnum, leikjum og samþættingu við aðrar námsgreinar. Lífsleikni var samofin daglegu starfi þar sem unnið var samkvæmt Uppbyggingarstefnunni með bekkjarsáttmála, reglulegum bekkjarfundum og verkefnum sem efltu samskipti, samvinnu og ábyrgð. Upplýsingatækni var samþætt öðrum námsgreinum og nýttu nemendur spjaldtölvur og chromebook tölvur til ritunar, upplýsingaöflunar, skráningar og skapandi verkefna.

Miðstig

Á miðstigi var lögð rík áhersla á lestur, lesskilning, ritun og tjáningu og var íslenska samþætt öðrum námsgreinum þegar við átti. Í stærðfræði var unnið með fjölbreytt viðfangsefni sem efltu rökhugsun, lausnaleit og skilning á stærðfræðilegum hugtökum. Kennslan var einstaklingsmiðuð og tók mið af stöðu og þörfum hvers nemanda.

Í náttúrufræði var lögð áhersla á vettvangsnám, athuganir og tengingu við nærumhverfið. Nemendur unnu meðal annars með lífríki, umhverfismál, orku, loftslagsbreytingar og sjálfbærni. Útikennsla var reglulegur þáttur í náminu og nýttu nemendur bæði nærumhverfið og bambahúsið til rannsókna, athugana og verkefnavinnu. Í dönsku var unnið með hlustun, lestur, orðaforða og tjáningu með fjölbreyttum aðferðum þar sem meðal annars voru nýtt spil, myndmiðlar, tónlist og samskiptaverkefni.

Í lífsleikni var unnið samkvæmt Uppbyggingarstefnunni með áherslu á jákvæð samskipti, ábyrgð, virðingu og þátttöku. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir þar sem nemendur fengu tækifæri til að ræða líðan, samskipti og málefni sem tengdust skólastarfinu. Einnig var unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, netöryggi og verkefni sem efldu félagsfærni, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Spilatímar voru nýttir til að efla samvinnu, samskiptafærni og jákvæð tengsl milli nemenda.

Í íþróttatímum var lögð áhersla á hreyfigleði, samvinnu, liðsheild og þátttöku. Nemendur fengu fjölbreytta þjálfun í þoli, styrk, jafnvægi og grunnhreyfifærni auk þess að kynnast fjölbreyttum íþróttum og leikjum. Nærumhverfi skólans var nýtt markvisst eins og t.d. skautasvellið við skólann, frísbíggjuföllurinn og önnur útivistarsvæði í heimabyggðinni.

Í list- og verkgreinum var lögð áhersla á verklega færni, sköpun, lausnaleyti og sjálfstæð vinnubrögð. Verkefni voru bæði einstaklings- og samvinnuverkefni og tengdust oft þemaverkefnum skólaársins. Kennslan var samþætt öðrum námsgreinum þegar við átti. Upplýsingatækni var samþætt daglegu skólastarfi og höfðu allir nemendur aðgang að Chromebook tölvum, iPad-spjaldtölvum og eigin Google- og Microsoft-aðgangi. Stafræn hæfni var eflað með fjölbreyttum verkefnum sem tengdust upplýsingaöflun, ritvinnslu, kynningagerð, myndvinnslu og skapandi verkefnum.

Samstarf við heimili og nærsamfélag

Samstarf heimilis og skóla var áfram öflugt á skólaárinu og einkenndist af góðum samskiptum, gagnkvæmu trausti og virkri þátttöku foreldra. Lögð var áhersla á reglulega upplýsingagjöf og að foreldrar hefðu góðan aðgang að upplýsingum um nám og daglegt starf barna sinna. Heimasíða skólans, facebook-síða og InfoMentor voru nýtt til upplýsingamiðlunar. Auk þess fengu foreldrar aðgang að google myndasafni þar sem myndum úr skólastarfinu var deilt reglulega.

Á árinu var kosin ný stjórn sameiginlegs foreldrafélags leik- og grunnskóla. Foreldrafélagið gegnir mikilvægu hlutverki í skólasamfélaginu og hefur staðið fyrir viðburðum og verkefnum sem styrkja tengsl heimila og skóla.

Foreldrar hafa ávallt verið öflugir samstarfsaðilar skólans og tekið virkan þátt í að styðja við skólastarfið. Þegar þörf hefur verið á framkvæmdum eða öðrum verkefnum hafa foreldrar brugðist vel við og lagt fram bæði vinnu, þekkingu og aðstoð. Stuðningur foreldra hefur reynst skólanum afar dýrmætur og er einn af styrkleikum skólasamfélagsins.

Þrátt fyrir að enginn formlegur fundur hafi verið haldinn í skólaráði á skólaárinu voru skóladagatal og starfsáætlun send fulltrúum ráðsins til umsagnar og yfirferðar. Samráð við foreldra og aðra hagsmunaaðila var jafnframt haft með öðrum hætti, meðal annars í tengslum við vinnu við menntastefnu Ísafjarðarbæjar þar sem fram kom mikil ánægja með skólastarfið og þann stuðning sem nemendur njóta í skólanum.

Samstarf við nærsamfélagið var fjölbreytt og mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Nemendur tóku þátt í fjölmörgum verkefnum og heimsóknum sem tengdust sögu, menningu, atvinnulífi og náttúru heimabyggðarinnar. Meðal annars heimsóttu þeir Safnahúsið á Ísafirði, varðskipið Þór og einstaklinga og fyrirtæki sem tengdust þemaverkefnum skólaársins.

Samstarf við leikskólann var áfram öflugt á skólaárinu. Elstu börn leikskólans komu tvisvar í viku í grunnskólann og tóku þátt í skólastarfinu. Samstarfið stuðlar að auknu öryggi barnanna, styrkir tengsl þeirra við grunnskólann og auðveldar flutning milli skólastiga.

Grunnskólinn var í góðu samstarfi við Skautafélag Önundarfjarðar við gerð og viðhald skautasvellsins við skólann. Svellið var nýtt markvisst í íþrótt- og útikennslu yfir vetrarmánuðina. Skólinn var í góðu samstarfi við Tónlistarskólann á Ísafirði þar sem nemendum bauðst gítarkennsla á skólaárinu. Einnig bauð einkaaðili upp á píanónám fyrir áhugasama nemendur.

Hádegisverður nemenda var útbúinn í Gunnukaffi alla virka daga. Nemendur gengu eða hjóluðu þangað ásamt starfsmanni skólans og nutu máltíðar saman. Boðið var upp á hafragraut á morgnana og nýttu flestir nemendur sér það boð. Sameiginlegar máltíðir eru mikilvægur þáttur í daglegu skólastarfi og stuðla að jákvæðum samskiptum, sjálfstæði og góðri líðan nemenda.

Samstarf heimila, skóla og nærsamfélags er einn af helstu styrkleikum Grunnskóla Önundarfjarðar. Fámennur skóli skapar góð tækifæri til nánna samskipta og virkrar þátttöku foreldra og nærsamfélagsins í skólastarfinu. Stuðningur frá foreldrum, félagasamtökum,

fyrirtækjum og stofnunum í heimabyggðinni hefur verið skólanum afar mikilvægur og stuðlað að fjölbreyttu og öflugu skólastarfi.

Starfsmarkmið skólaársins 2025-2026

Á skólaárinu 2025-2026 voru eftirfarandi starfsmarkmið lögð til grundvallar í skólastarfinu:

- Að þróa leiðir til að afla upplýsinga um viðhorf foreldra og nemenda til skólastarfsins.
- Að auka sýnileika námsmats og styrkja tengingu þess við markmið náms og kennslu.
- Að halda áfram innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar í skólanum.
- Að efla leiðsagnarnám og sjálfsmat nemenda.
- Að bæta læsi og viðhalda lestrargleði.
- Að efla vellíðan nemenda og jákvæðan skólabrag.
- Að gera tengingu við grunnþætti menntunar og lykilhæfni sýnilegri í skólastarfinu.

Mat foreldra og nemenda á skólastarfinu

Markmið skólaársins var að finna leiðir til að afla upplýsinga um viðhorf nemenda og foreldra til skólastarfsins sem henta fámennum skóla. Vegna fámennis var ekki unnt að nýta hefðbundnar kannanir með sama hætti og í stærri skólum. Þess í stað var stuðst við regluleg samtöl við foreldra og nemendur, fund um menntastefnu Ísafjarðarbæjar og nemendaping fámennu skólanna.

Niðurstöður bentu til mikillar ánægju með skólastarfið. Foreldrar lýstu ánægju með námsumhverfi, samskipti og þann stuðning sem börn þeirra njóta í skólanum. Á nemendapingi kom fram ánægja með valgreinar, áhugasviðsvinnu, smíðakennslu og samstarf nemenda milli skóla.

Mat á árangri: Markmið náðist að hluta. Upplýsinga var aflað með öðrum leiðum en formlegum könnunum. Stefnt er að því að skoða áfram möguleika á þátttöku í Skólapúslinum eða öðrum sambærilegum matsverkfærum.

Sýnileiki námsmats og tenging við markmið

Á skólaárinu var unnið að því að gera námsmat sýnilegra og styrkja tengingu þess við markmið náms og kennslu. Áhersla var lögð á markmiðasetningu, endurgjöf og sjálfsmat nemenda sem hluta af daglegu skólastarfi. Jafnframt var leitast við að gera markmið náms sýnilegri í kennslu og verkefnavinnu.

Mat á árangri: Markmið náðist að hluta. Vinna við sýnileika námsmats og tengingu við markmið hefur aukist en áfram er þörf á markvissri þróun á þessu sviði. Á næsta skólaári verður lögð sérstök áhersla á að efla leiðsagnarmat, sjálfsmat nemenda og sýnileika markmiða í daglegu skólastarfi.

Uppbyggingarstefnan og leiðsagnarnám

Áfram var unnið samkvæmt Uppbyggingarstefnunni og hún nýtt sem leiðarljós í samskiptum, bekkjarstjórnun og lífsleiknikennslu. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega og lögð var áhersla á ábyrgð, virðingu og jákvæð samskipti. Nemendur tóku virkan þátt í umræðum um líðan, samskipti og ábyrgð á eigin hegðun.

Jafnframt var unnið með leiðsagnarnám þar sem lögð var áhersla á endurgjöf, sjálfsmat, markmiðasetningu og vaxtarhugarfar. Nemendur voru hvattir til að takast á við áskoranir og líta á mistök sem eðlilegan hluta af námsferlinu.

Mat á árangri: Markmið náðist vel. Jákvæður skólabragur einkenndi skólastarfið og nemendur sýndu ábyrgð, góða félagsfærni og virðingu í samskiptum. Áfram verður unnið að því að styrkja leiðsagnarnám og sjálfsmat nemenda.

Læsi og lestrargleði

Læsi var áfram eitt af megináhersluverkefnum skólans. Allir morgnar hófust á yndislestri og unnið var markvisst með lestur, lesskilning, orðaforða og ritun. Lestur var samþættur öðrum námsgreinum og nemendur tóku þátt í fjölbreyttum lestrarverkefnum og lestrarhvetjandi verkefnum á skólaárinu.

Mat á árangri: Markmið náðist að mestu leyti. Lestur var sýnilegur þáttur í daglegu skólastarfi og nemendur sýndu almennt jákvætt viðhorf til lesturs. Ljóst er þó að áfram þarf að styrkja heimalestur og auka markvissa lestrarþjálfun utan skólatíma. Á næsta skólaári verður lögð sérstök áhersla á að innleiða Læsir, skólalausn fyrir lestur og heimalestur, með það að markmiði að efla lestrarvenjur og gera framfarir sýnilegri. Einnig verður aukin áhersla lögð á lesskilning, orðaforða og vinnu með fagtexta í öllum námsgreinum þannig að nemendur efli færni sína í að lesa og vinna með fjölbreyttan texta.

Vellíðan nemenda

Lögð var rík áhersla á vellíðan nemenda, jákvæð samskipti og öruggt námsumhverfi. Uppbyggingarstefnan, reglulegir bekkjarfundir, lífsleikni og fjölbreytt útikennsla voru meðal þeirra þátta

sem studdu við þetta markmið. Nemendur nutu fjölbreyttrar hreyfingar í íþróttum, sundi, útikennslu, skautum og skíðaferðum.

Samtöl við nemendur og dagleg samskipti benda til þess að nemendum líði almennt vel í skólanum og að þar ríki jákvæður skólabragur.

Mat á árangri: Markmið náðist vel. Velliðan nemenda var almennt góð og jákvæður skólabragur einkenndi skólastarfið. Nemendur sýndu ábyrgð, virðingu og góða samvinnu í daglegu starfi.

Grunnpættir menntunar og lykilhæfni

Á skólaárinu var unnið markvisst að því að gera grunnpætti menntunar og lykilhæfni sýnilegri í kennslu og verkefnavinnu. Sérstaklega kom það fram í samstarfsverkefnum fámennu skólanna, útikennslu, bambahúsinu og verkefnum tengdum sjálfbærni, lýðræði og sköpun.

Mat á árangri: Markmið náðist að hluta. Unnið var með grunnpættina í fjölmörgum verkefnum og þeir voru sýnilegir í skólastarfinu. Enn eru þó tækifæri til að gera tengsl grunnpáttanna og lykilhæfni skýrari í skipulagi náms, námsmati og framsetningu verkefna. Það verður áfram eitt af þróunarverkefnum skólans á næsta skólaári.

Samantekt

Áherslur skólaársins skiluðu almennt góðum árangri. Sérstaklega náðist góður árangur í velliðan nemenda, jákvæðum skólabrag, lestrargleði og áframhaldandi innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar. Áfram verður unnið að því að efla sýnileika námsmats, styrkja heimalestur og lesskilning og gera grunnpætti menntunar og lykilhæfni enn sýnilegri í daglegu skólastarfi.

Áherslur og umbótaverkefni skólaárið 2026-2027

Á komandi skólaári verður áfram lögð áhersla á að þróa og efla skólastarfið í samræmi við starfsmarkmið skólans og þær áherslur sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Sérstök áhersla verður lögð á að efla sýnileika námsmats og gera tengingu markmiða, kennslu og námsmats skýrari fyrir nemendur og starfsfólk. Jafnframt verður unnið að því að samræma betur kennsluáætlanir og vikuáætlanir þannig að markmið náms verði sýnilegri í daglegu skólastarfi.

Áfram verður unnið að innleiðingu leiðsagnarnáms með áherslu á markmiðasetningu, endurgjöf, sjálfsmat nemenda og vaxtarhugarfar. Samhliða því verður lögð aukin áhersla á bekkjarstjórnun og jákvæðan skólabrag þar sem skýrar væntingar, góð samskipti og ábyrgð nemenda verða í forgrunni.

Áfram verður markvisst unnið að því að efla læsi og lestrarfærni nemenda. Lögð verður sérstök áhersla á að styrkja lesskilning, orðaforða og vinnu með fagtexta í öllum námsgreinum.

Einnig verður áfram unnið að því að gera grunnþætti menntunar og lykilhæfni sýnilegri í skipulagi náms, verkefnavinnu og námsmati.

Áhersla verður lögð á vellíðan nemenda, jákvæðan skólabrag og öflugt samstarf við heimili og nærsamfélag. Jafnframt verður áfram byggt á því farsæla samstarfi sem þróast hefur milli fámennu skólanna á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Samstarfið hefur reynst mikilvægt fyrir nemendur og starfsfólk, aukið fjölbreytni í námi og félagsstarfi og stuðlað að faglegri þróun kennara. Stefnt er að því að efla það samstarf enn frekar á komandi skólaári.

Stefnur og áætlanir

Helstu áherslur við símenntunaráætlun skólaárið 2026-2027

Símenntunaráætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar skólaárið 2026-2027 tekur mið af stefnu skólanna og þeirra þróunarverkefna sem eru í gangi hverju sinni. Eftirfarandi verkefni verða í forgangi þegar kemur að símenntun á komandi skólaári:

- Leiðsagnarnám. Fræðsla og innleiðing.
- Skyndihjálp.
- Uppbyggingarstefnan, uppbygging sjálfsaga. Viðhalda þekkingu starfsfólks.
- Byrjendalæsi.
- Bekkjarstjórnun, að setja mörk.
- Námsmat
- Fjölmennning í skólaumhverfi
- Farsældarlög

Á endurmenntunardögum 12.-14. ágúst 2026 er áætlað að bjóða upp á m.a. fræðslu um leiðsagnarmat og farsældarlögin. Gerð er krafa um að allir kennarar og stjórnendur mæti á námskeiðin.

Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi grunnskólanna byggir á stefnu skólanna, áherslum og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim símenntunarpáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greinir starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaðurinn nái.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori.

Skóla- og tómstundasvið skipuleggur einnig formlega og óformlega endurmenntun að hausti og af og til yfir skólaárið fyrir kennara og starfsmenn skólanna, ef þörf er á. Ákvörðun um námskeiðin er tekin í samstarfi við skólastjórnendur Ísafjarðarbæjar.

Innra mat og skólaþróun

Innra mat Grunnskóla Önundarfjarðar byggðist á reglulegum umræðum starfsfólks, mati á starfsmarkmiðum skólaársins, samtölum við nemendur og foreldra og endurskoðun verkefna og viðburða sem fram fóru á árinu. Vegna fámennis voru ekki lagðar fyrir formlegar kannanir meðal nemenda og foreldra á skólaárinu, en leitast var við að afla upplýsinga með öðrum leiðum sem henta betur starfsaðstæðum skólans.

Á skólaárinu fór fram fundur í tengslum við menntastefnu Ísafjarðarbæjar þar sem foreldrum gafst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þar kom fram mikil ánægja með skólastarfið, samskipti við starfsfólk og þann stuðning sem börnum stendur til boða í skólanum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við dagleg samskipti heimila og skóla og þá jákvæðu endurgjöf sem skólinn fær reglulega frá foreldrum.

Nemendur fengu einnig tækifæri til að tjá skoðanir sínar á skólastarfinu á nemendaþingi fámennu skólanna á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Þar komu fram jákvæð viðhorf til valáfanga, smíðakennslu, útikennslu, áhugasviðsvinnu og samstarfsverkefna milli skólanna. Nemendur lýstu jafnframt ánægju með tækifæri til að kynnast jafnöldrum sínum úr öðrum byggðarkjörnum og taka þátt í sameiginlegum verkefnum.

Starfsfólk fór reglulega yfir skólastarfið, ræddi kennslu, námsmat, líðan nemenda og þróunarverkefni skólans. Sérstök áhersla var lögð á að meta árangur starfsmarkmiða skólaársins og hefur sú vinna verið nýtt við mótun áherslna og umbótaverkefna fyrir næsta skólaár.

Niðurstöður innra mats benda til þess að styrkleikar skólans liggi meðal annars í jákvæðum skólabrag, góðri líðan nemenda, öflugu samstarfi heimila og skóla, fjölbreyttum kennsluháttum og virku samstarfi við nærsamfélagið. Einnig hefur samstarf fámennu skólanna reynst bæði nemendum og starfsfólki afar vel og skapað aukin tækifæri til náms og félagslegra tengsla.

Á næsta skólaári verður áfram unnið að því að þróa innra mat skólans og afla reglubundinna upplýsinga um viðhorf nemenda og foreldra til skólastarfsins. Stefnt er að því að taka upp Skólapúlsinn eða annað sambærilegt matsverkfæri sem hentar fámennum skóla og nýtist til markvissrar skólaþróunar og umbótastarfs.

Starfsmenn og skipulag

Á skólaárinu 2025-2026 störfuðu sex starfsmenn við Grunnskóla Önundarfjarðar auk skólahjúkrunarfræðings og náms- og starfsráðgjafa.

Tveir kennarar störfuðu í fullu starfi og einn leiðbeinandi í 35% starfi. Skólaliði var í 62,5% starfi og starfsmaður dægradvalar í 37,5% starfi. Skólastjóri sinnti jafnframt kennslu samhliða stjórnunarstörfum og var með átta kennslustundir á viku auk reglulegs stuðnings í kennslu.

Starfsmannahópur skólans var stöðugur og einkenndist af góðu samstarfi, sveigjanleika og sameiginlegri ábyrgð á skólastarfinu. Á vorönn fór einn kennari í fæðingarorlof og tók Hugu Britta Kjartansdóttir við hluta kennslunnar. Breytingin gekk vel og tókst að viðhalda stöðugleika í skólastarfinu.

Við skólann störfuðu:

- Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir - skólastjóri
- Sigríður Anna Emilsdóttir - umsjónarkennari
- Sigurður Grétar Jökulsson - kennari
- Viktor Páll Magnússon - leiðbeinandi
- Agata Fortuna - skólaliði
- Hugu Britta Kjartansdóttir - starfsmaður dægradvalar og leiðbeinandi
- Helen Hafgnýr Cova - starfsmaður í dægradvöl (forföll)
- Henný Þrastardóttir - skólahjúkrunarfræðingur
- Hildur Vilhjálmisdóttir - náms- og starfsráðgjafi

Forföll starfsfólks og nemenda

Vegna fámennis eru upplýsingar um veikindi og ástundun ekki birtar í ársskýrslunni þar sem þær gætu verið rekjanlegar til einstaklinga. Upplýsingar um viðveru starfsfólks eru skráðar í viðverukerfi Ísafjarðarbæjar og upplýsingar um mætingu nemenda eru skráðar í kerfum skólans.

Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag

Starfstími grunnskólans er 180 nemendadagar samkvæmt lögum og kjarasamningum. Að auki voru fimm starfsdagar á starfstíma skóla og átta starfsdagar utan skólatíma.

Skólaárið 2025-2026 fékk skólinn úthlutaðar 75,5 kennslustundir til bekkjarkennslu, sérkennslu, nýbúakennslu og skiptitíma. Úthlutunin miðaðist við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá.

Skólinn opnaði kl. 7:55 á morgnana og hófst kennsla kl. 8:10. Nemendur í 1.-4. bekk fengu 30 kennslustundir á viku en nemendur í 5.-7. bekk 35 kennslustundir. Kennsla var skipulögð sem samfellt skólaár án annaskiptingar og námsmat fór fram jafnt og þétt yfir skólaárið.

Foreldraviðtöl fóru fram í október og febrúar og var áfram unnið að þróun nemendastýrðra viðtala. Náms- og starfsráðgjafi hóf störf eftir áramót og gaf fjarþjónusta hans góða raun. Skólahjúkrunarfræðingur sinnti reglubundnu eftirliti og fræðslu fyrir nemendur.

Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Önundarfjarðar var áfram öflugt á skólaárinu. Unnið var samkvæmt verkefninu Brú milli skólastiga þar sem tveir elstu nemendur leikskólans komu tvisvar í viku í grunnskólann og tóku þátt í fjölbreyttu skólastarfi. Á næsta skólaári er gert ráð fyrir að þessi hópur stækki. Samstarfið stuðlar að auknu öryggi barnanna, styrkir tengsl þeirra við grunnskólann og auðveldar flutning milli skólastiga.

Jólaball, afmælishátíð Ísafjarðarbæjar og ýmsir aðrir viðburðir voru haldnir sameiginlega. Á vordögum fóru nemendur leik- og grunnskóla saman í sólargöngu þar sem þau nutu samveru og grillveislu í lok dags. Samstarfið hefur reynst afar vel og er orðinn mikilvægur þáttur í skólasamfélaginu.

Fjárhagsáætlun

Rekstur skólans er hluti af rekstri fræðslusviðs Ísafjarðarbæjar. Nánari upplýsingar um fjárhagsáætlun og rekstur má finna í fjárhagsgögnum og ársreikningi Ísafjarðarbæjar.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn nýtur sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar vegna stuðnings við nemendur og starfsfólk. Talmeinaþjónusta er veitt í samstarfi við Tröppu og túlkþjónusta keypt eftir þörfum. Keypt er þjónusta iðnaðarmanna vegna viðhalds og smærri verkefna þegar þörf krefur. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur vegna sameiginlegra viðburða skólanna og annarra ferða á vegum skólans.

Rekstur og framkvæmdir

Á skólaárinu 2025–2026 var áfram unnið að því að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks bæði innan skólans og á skólalóðinni. Umfangsmesta framkvæmd síðustu ára var endurnýjun þaks skólans sem lauk árið 2025.

Á árinu var aðstaða til heimilisfræðikennslu bætt með endurnýjun á uppþvottavél, þvottavél og eldavél, auk þess sem nýtt vinnuborð var sett upp í eldhúsinu. Til að auka öryggi við skólalóðina voru sett upp blómaker framan við skólann sem draga úr hraða umferðar við skólann.

Nýjar körfur fyrir körfuboltavöll skólans voru pantaðar og verða settar upp á næsta skólaári. Einnig er áætlað að bóna skólahúsnaðið sumarið 2026.

Lokaorð

Skólaárið 2025-2026 var farsælt og viðburðaríkt í Grunnskóla Önundarfjarðar. Einkenndist það af góðu samstarfi nemenda, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags. Áfram var unnið að því að efla læsi, vellíðan, fjölbreytta kennsluhætti og þróunarstarf skólans. Samstarf fámennu skólanna, verkefni tengd bambahúsinu og öflug þátttaka nærsamfélagsins settu jákvæðan svip á skólaárið.

Starfsfólk skólans horfir bjartsýnt til næsta skólaárs og mun áfram leggja áherslu á að skapa öruggt, metnaðarfullt og jákvætt námsumhverfi þar sem hver nemandi fær tækifæri til að dafna.

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir skólastjóri